Borgarfjörður:

Útgerð hafin frá Reykholti

Kleppjárnsreykjum.

FYRSTA skipið er nú komið í Reykholt, það er matsveinninn í héraðsskólanum í Reykholti sem fest hefur kaup á trefjaplastbát, „Sóma 800".

Arnþór Sigurðsson í Brennubæ festi kaup á bát þessum á Dalvík nú fyrir skömmu, og hyggst gera hann út til að byrja með frá Ólafsvík eða Arnarstapa, en annars er það óráðið hvar hann rær, „líklega þar sem eitthvað verður að hafa. Það eru 40 tonn af fiski sem veiða má á þessa báta á ári og er þetta hin besta sumarvinna og skemmtileg útivera eftir alla inniveruna á veturna," sagði Arnþór. Báturinn, sem ekki hefur fengið nafn ennþá, er búinn öllum helstu tækjum, svo sem 2 lóran C, dýptarmæli, radar og talstöðvum. Fjórar tölvustýrðar handfærarúllur fylgja bátnum.

Það eru nokkur tímamót í Reykholti þetta haustið, hefðbundinn búskapur var aflagður og var öllu sauðfé frá félagsbúinu slátrað nú í haust, og hefur presturinn, séra Geir Waage, mikinn áhuga á að leggja jörðina undir skógrækt, er verið að leita að stuðningi við skjólbeltaræktun til að byrja með því það er auðveldara að rækta nytjaskóg í skjóli en á berangri.

Mannlífið hér er annars nokkuð gott og félagsmálin farin að hafa sinn tíma, kórar farnir að æfa, brids-spilarar farnir að stokka og svo mætti lengi telja.

Á laugardaginn ætlar Ungmennafélag Reykdæla að halda sinn árlega gleðifund, en það er nokkurskonar árshátíð félagsins, fimmtíu ár eru síðan þessi hefð hófst í starfsemi félagsins. Þar verður margt til skemmtunar, að venju fá allir skuldlausir félagar að sjálfsögðu frítt á skemmtunina. Happdrætti verður og eru 10 ferðavinningar í boði.

— Bernhard



Arnþór Sigurðsson í bátnum sínum sem hefur ekki hlotið nafn ennþá. Morgunblaðið/Bernhard Jóhannesson

Tónleikar á Ísafirði

KOLBEINN Bjarnason flautuleikari og Páll Eyjólfsson gítarleikari halda tónleika í sal Grunnskólans á Ísafirði laugardaginn 21. nóvember kl. 17.00.

Á efnisskrá eru tónverk eftir m.a. G.F. Händel, Atla Heimi Sveinsson, John Speight og Hjálmar H. Ragnarsson. Annað verka Hjálmars, Bagatellur fyrir flautu og gítar, er nýtt af nálinni.

Helgina 28.-29. nóvember spila þeir Páll og Kolbeinn síðan á Akranesi og Stykkishólmi.

Bók um systkinaröð

ÚT ER komin hjá Erni og Örlygi bókin Systkinaröðin mótar manninn eftir dr. Kewin Leman í þýðingu Guðmundar Þorsteinssonar.

Á bókarkápu segir m.a.: Víst er að staða okkar í röð systkina (eða systkinaleysi) mótar okkur öll með afgerandi hætti og hefur varanleg áhrif á allt okkar líf. Þessi bók er brunnur upplýsinga, sem geta hjálpað þér að bæta samskipti þín við aðra, hagnýta þér styrk systkinaraðarinnar og bæta úr veikleikum hennar, og njóta þeirrar sérstöðu sem Guð gaf þér. Systkinaröðin er hlýleg, fyndin, einlæg og skemmtileg aflestrar, og hún hjálpar þér jafnframt að þekkja sjálfan



þig betur og að sjá samskipti þín við aðra í skýrara ljósi.

Úr umferðinni í Reykjavík miðvikudaginn 18. nóvember 1987

Árekstrar bifreiða: 31

Í þrem tilvikum varð slys á fólki.

Kl. 8.26 varð gangandi vegfarandi fyrir bíl á Tryggvagötu.

Kl. 15.08 varð umferðaróhapp á bifreiðastæði við Suðurver er bifreið lenti á sjö mannlausum bifreiðum. Talið er að veikindi ökumanns hafi valdið að svo fór.

Kl. 19.35 varð gangandi vegfarandi fyrir bíl á mótum Bústaðavegar og Háaleitisbrautar.

Radarmæling: 16 ökumenn kærðir.

Ökumaður var sviptur ökuréttindum á staðnum, en kl. 18.04 ók hann vestur Sætún og kom inn í radargeisla sem sýndi 111 km/klst. hraða. Leyfður hámarkshraði á Sætúni er 50 km/klst. Aðrir ökumenn sem fóru of hratt um Sætún mældust á 81—88 km/klst hraða og allt þar á milli. Um Kringlumýrarbraut var kært fyrir 95 km/klst. hraða.

Einn ökumaður var kærður fyrir að aka mót rauðu ljósi á götuvita og annar fyrir að virða ekki stöðvunarskyldu við gatnamót.

Kranabifreið fjarlægði 11 bifreiðir fyrir ólöglega stöðu.

Klippt voru númer af 4 bifreiðum fyrir vanrækslu á að færa til skoðunar.

Einn ökumaður var grunaður um ölvun við akstur í miðvikudagsumferðinni.

Samtals: 43 kærur fyrir umferðarbrot.

Frétt frá lögreglunni í Reykjavík.

Skoðanakönnun Helgarpóstsins og Skáíss:

Mest fylgisaukning hjá Kvennalistanum

KVENNALISTINN fengi rúm 15% atkvæða og 10 þingmenn kjörna ef gengið yrði til kosninga í dag samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Helgarpóstsins og Skáíss. Í kosningunum síðastliðið vor fengu konurnar 10,1% atkvæða og 6 þingmenn kjörna. Borgaraflokkurinn tapar talsverðu fylgi samkvæmt könnuninni, en lítil hreyfing er á fylgi annarra flokka. Vegna tæknilegrar skekkju í tölvuvinnslu hjá fyrirtækinu Skáís birtust rangar niðurstöður í frétt Helgarpóstsins í gær hvað varðar fylgi Sjálfstæðisflokksins. Sjálfstæðisflokkurinn er þar sagður vera með 25,9% fylgi á landsvísu, en er í raun samkvæmt könnuninni með 29,8% fylgi að því er forsvarsmenn Skáíss staðfestu í samtali við Morgunblaðið í gær. Samkvæmt því bætir flokkurinn við sig 2,6% fylgi frá síðustu kosningum, en þá fékk hann 27,2% atkvæða og 18 menn kjörna. Skoðunakönnunin var gerð um síðustu helgi og ef marka má niðurstöður hennar hefur Kvennalistinn bætt við sig mestu fylgi frá því í kosningunum síðastliðið vor.

Borgaraflokkur fengi nú 7,0% atkvæða og 3 menn kjörna, en fékk 10,9% og 7 menn kjörna í síðustu kosningum. Auk Sjálfstæðisflokksins bæta Framsóknarflokkur og Alþýðuflokkur lítillega við sig í þessari könnun. Framsókn fengi nú 19,9% atkvæða og 14 þingmenn, en fékk 18,9% og 13 þingmenn í kosningunum. Alþýðuflokkur fengi nú 16,3% atkvæða en var með 15,2%, og þingmannatala hans óbreytt, 10 menn. Alþýðubandalag tapar einum manni samkvæmt könnuninni, fengi nú 11,6% og 7 menn, en var með 13,4% og 8 menn kjörna í kosningunum í vor. Aðrir flokkar eða framboð næðu ekki manni á þing ef marka má þessa könnun.

Ríkisstjórnin nýtur fylgis meirihluta þjóðarinnar í þessari könnun en samkvæmt henni styðja 56% styðja stjórnina. Er það nokkuð minni stuðningur en kom fram í sambærilegri könnun í ágúst síðastliðnum þegar 63,8% sögðust styðja ríkisstjórnina.

Í könnuninni var valið handahófsúrtak 1.008 einstaklinga yfir allt landið samkvæmt tölvuskrá yfir símanúmer.

Sýningu Rúnu að ljúka

SÝNINGU Rúnu Gísladóttur að Kjarvalsstöðum lýkur á sunnudaginn. Á sýningunni eru 104 myndverk, akrýl- og olíumálverk og klippimyndir.


Þetta er fyrsta einkasýning Rúnu en hún hefur áður tekið þátt í nokkrum samsýningum, m.a. FÍM-sýningum 1981 og 1983, Kirkjulistarsýningu að Kjarvalsstöðum um páska 1983 og „Reykjavík í myndlist" að Kjarvalsstöðum sumarið 1986.

Ökumaður gefi sig fram

LÖGREGLAN í Reykjavík óskar eftir að hafa tal af ökumanni jeppa, sem var ekið inn á Snorrabraut á mánudagskvöld, í veg fyrir fólksbíl, sem sveigði frá og lenti á grindverki.

Óhappið varð skömmu fyrir kl. 23 á mánudagskvöld. Fólksbíl var ekið norður Snorrabraut, á vinstri akrein. Jeppinn ók austur Njálsgötu og í veg fyrir fólksbílinn. Til að forðast árekstur sveigði ökumaður fólksbílsins honum frá og lenti við það á grindverki. Ökumaður jeppans stöðvaði, en ók síðan á brott. Talið er að jeppinn sé stór, mikið upphækkaður, blár að lit með hvítu húsi. Hann er með R-númer og telur vitni að það byrji á tölustafnum 7.

Ökumaður jeppans er beðinn um að hafa samband við slysarannsóknadeild lögreglunnar. Þá óskar lögreglan einnig eftir að hafa tal af vitnum.




Eitt af verkum Rúnu Gísladóttur.

Starfsemi Hispania hefst að nýju

STARFSEMI kvikmyndaklúbbsins Hispania hefst að nýju laugardaginn 21. nóvember. Fyrsta kvikmynd vetrarins er Hernám Albaníu, sem gerð var árið 1983 og byggist á sögulegri heimild frá 16. öld.

Eftirtaldar kvikmyndir eru væntanlegar til sýningar í vetur: „La conquista de Albania" (A. Ungría) í nóvember, „Con el viento solano" (M. Camús) í desember, „Los golfos" (C. Saura) í janúar, „Volver a empezar" (J.L. Garci) í febrúar, „La muerte de Mikel" (I. Uribe) í mars, „El ángel exterminador" (L. Bunuel) í apríl og „El puente" (J.A. Bárdem) í maí.



Kökubasar og kaffisala í Hvítasunnukirkjunni

KÖKUBASAR og kaffisala verður í Hvítasunnukirkjunni Fíladelfíu í Hátúni 2 laugardaginn 21. nóvember kl. 14.00.

Það er systrafélag Fíladelfíu sem heldur basarinn í neðri sal kirkjunnar.

Fólki gefst kostur á að setjast niður yfir kaffibolla og rjómapönnukökum sem verða á boðstólum. Allur ágóði af sölunni rennur til starfsemi systrafélagsins.